

2. gr.

1. mgr. 2. gr. laga um sjúkraliða, nr. 58/1984, með síðari breytingum, orðast svo:
Leyfi skv. 1. gr. má veita þeim sem lokið hafa námi frá skóla hér á landi sem heilbrigðis-
og tryggingamálaráðuneytið viðurkennir.

4. mgr. 5. gr. laga um sjúkraliða, nr. 58/1984, eins og greininni var breytt með lögum nr. 73/1989, fellur niður.

3. gr.

Við 6. gr. laga nr. 35/1964, um Ljósmeðraskóla Íslands, bætist nýr málslíður svohljóð-
andi:

Lög þessi falla úr gildi 1. júlí 1994.

4. gr.

1. mgr. 2. gr. ljósmeðrálaga, nr. 67/1984, orðast svo:
Leyfi skv. 1. gr. má veita þeim sem lokið hafa námi frá skóla hér á landi sem heilbrigðis-
og tryggingamálaráðuneytið viðurkennir.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1992.

Gjört í Reykjavík, 1. apríl 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sighvatur Björgvinsson.

L Ö G

um afnám laga nr. 45 7. maí 1946, um beitumál.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög nr. 45 7. maí 1946, um beitumál, og lög nr. 13 28. febrúar 1947, um breyting á lög-
um nr. 45 7. maí 1946, um beitumál, eru úr gildi felld.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. mars 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.